

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

30. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 12. nóvember 2020 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru:

Samúel Kristjánsson oddviti og Elsa G. Borgarsdóttir. Steinn Ingi Kjartansson, Jóhanna Kristjánsdóttir og Ragnheiður Baldursdóttir í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2021.
3. Kröfur Óbyggðanefndar í Súðavíkurhreppi.
4. Fundargerðir nefnda.
5. Fasteignir Súðavíkurhrepps; kaup, sala og umsóknir.
6. Leiga fasteigna Súðavíkurhrepps.
7. Byggðakvóti Súðavíkurhrepps fyrir 2020-2021.
8. Deiliskipulag við Langeyri og hafnarmál.
9. Garðstaðir – Ögur.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt.
2. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2021.
Fyrri umferð fjárhagsáætlunar staðfest.
3. Kröfur Óbyggðanefndar í Súðavíkurhreppi.
Kröfur óbyggðanefndar kynntar.

Fundarhlé var tekið kl. 15:20 þann 12. nóvember 2020 – fundi fram haldið kl. 8:30 þann 20. nóvember 2020.

4. Fundargerðir nefnda.

Fundargerð 13. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefndar frá 13. október 2020. Steinn Ingi Kjartansson sat hjá við afgreiðslu 3. liðar. Áréttað við lið 4 að erindi er hafnað að svo stöddu meðan ekki hefur verið lokið við ljósleiðaravæðingu lögbýla. Fundargerð staðfest.

Fundargerð 14. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis og samgöngunefndar frá 11. nóvember 2020. Fundargerð staðfest.

5. Fasteignir Súðavíkurhrepps; kaup, sala og umsóknir.

Umræður um frekari sölu eigna Súðavíkurhrepps eftir því sem íbúðarhúsnæði losnar. Súðavíkurhreppur nýtir atvinnuhúsnæði og annað er í útleigu og sala því ekki tímabær.

6. Leiga fasteigna Súðavíkurhrepps.

Sveitarstjóra falið ásamt skrifstofu að samræma leigufjárhæð húsnæðis Súðavíkurhrepps.

7. Byggðakvóti Súðavíkurhrepps fyrir 2020-2021.
Sveitarstjóra falið að skoða stöðu vinnslusamninga og úthlutun yfirstandandi fiskveiðis í því skyni að hámarka framlegð fyrir sveitarfélagið.
8. Deiliskipulag við Langeyri og hafnarmál.
Staða mála kynnt og rædd. Erindi vegna kæru Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. hefur verið svarað og óskað eftir því að mál verði tekið til úrskurðar hjá ÚUA.
9. Garðstaðir – Ögur.
Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar frá 11. nóvember 2020 þar sem fram kemur að Aðalskipulag Súðavíkur 2018-2030 gerir ráð fyrir iðnaðarsvæði á Garðstöðum. Landeiganda bent á að sækja um starfsleyfi fyrir bílapartasölu hjá heilbrigðisnefnd.
Sveitarstjórn telur ótækt að fram fari sorpbrennsla á Garðstöðum og tekur undir með Umhverfisstofun að brennsla sorps sé með öllu óheimil.
Súðavíkurhreppur skorar á fyrirtæki á svæðinu að stuðla ekki að slíkri ólöglegri sorpförgun.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:00

Elsa G. Borgarsdóttir

Jóhanna Kristjánsdóttir

Ragnheiður Baldursdóttir

Steinn Ingi Kjartansson

Samúel Kristjánsson oddviti